

Miðvikudaginn 5. mars 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum, kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Styrkbeiðni vegna útgáfu Feykis, Guðný Jóhannesdóttir ritstjóri mætir til fundar.**
- 2. Drög að samningi við skólabílstjóra.**

Fjárhagsáætlun 2009-2011, seinni umræða.

Umfjöllun um drög að lögum og þingsköpum fyrir SSNV.

- 5. Fundargerðir:**

Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 18. febrúar 2008.

Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 25. febrúar 2008.

Hússtjórnar Dalsmynnis dags. 8. janúar 2008.

Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 24. febrúar 2008.

Menningarráðs Norðurlands vestra dags. 24. janúar 2008.

Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra dags. 29. janúar 2008.

Stjórnarfundar SSNV dags. 12. febrúar 2008.

Stjórnar Samb. ísl. sveitarfél. dags. 22. febrúar 2008.

- 6. Bréf:**

- a) Frá Guðlaugu M. Jónsdóttur dags. 20. janúar 2008.**
- b) Frá Brunamálastofnun dags. 30. janúar 2008.**
- c) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 4. febrúar 2008.**
- d) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 6. febrúar 2008.**
- e) Frá Valdimar Guðmannssyni dags. 11. febrúar 2008.**
- f) Frá Menningarráði Norðurl vestra dags. 15. febrúar 2008.**
- g) Frá Umhverfisstjórnuneytinu dags. 21. febrúar 2008.**
- h) Frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 26. febrúar 2008.**

- 7. Önnur mál**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Styrkbeiðni vegna útgáfu Feykis, Guðný Jóhannesdóttir ritstjóri mætir til fundar.

Guðný hefur starfað sem ritstjóri Feykis í um eitt ár og hefur verið að reyna að afla efnis í blaðið af öllu N-v landi. Búið er að auglýsa eftir öðrum starfsmanni við blaðið, en ekki er rekstrargrundvöllur fyrir útgáfunni í dag með tvo starfsmenn. Guðný er að leita eftir að

gerður verði almannatengslasamningur milli sveitarfélaga á N-v landi og Feykis. Sveitarfélögin gætu þá t.d. leitað eftir aðstoð þeirra þegar þau vilja koma einhverju efni á framfæri. Guðný leggur áherslu á að allir aðilar reyni að standa vörð um útgáfu héraðsfréttablaðsins.

Hreppsnefnd samþykkir að gerður verði almannatengslasamningur milli Húnavatnshrepps og Feykis.

Drög að samningi við skólabílstjóra.

Fyrir fundinum liggja drög að nýjum samningi við skólabílstjóra. Hreppsnefnd yfirfór samninginnog samþykkti samhljóða að senda hann til umsagnar hjá þeim aðilum sem hafa umsagnarrétt um hann.

Fjárhagsáætlun 2009-2011, seinni umræða.

Sveitarstjóri lagði fram til síðari umræðu fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árin 2009 til 2011.

Hreppsnefnd samþykkti áætlunina með fimm greiddum atkvæðum.

Umfjöllun um drög að lögum og þingsköpum fyrir SSNV.

Oddviti kynnti drögin, ekki komu fram athugasemdir við þau.

5. Fundargerðir:

Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 18. febrúar 2008.

Fundargerðin samþykkt.

Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 25. febrúar 2008.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Hússtjórnar Dalsmynnis dags. 8. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 24. febrúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

Menningarráðs Norðurlands vestra dags. 24. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar

Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra dags. 29. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

Stjórnarfundar SSNV dags. 12. febrúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

Stjórnar Samb. ísl. sveitarfél. dags. 22. febrúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

6. Bréf:

a) Frá Guðlaugu M. Jónsdóttur dags. 20. janúar 2008.

Efni: Lýsing heimreiða í fyrrum Bólstaðarhlíðarhreppi.

Þar sem eigandi hefur flutt lögheimili sitt á Strjúgsstaði samþykkir hreppsnefnd að ljósastaurar verði settir á heimreið.

b) Frá Brunamálastofnun dags. 30. janúar 2008.

Efni: Úttekt Eldstoða 2007, Brunavarnir Austur Húnavatnssýslu.

Lagt fram til kynningar.

c) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 4. febrúar 2008.

Efni: Kynning á verkefninu héraðsáætlanir Landgræðslunnar.

Lagt fram til kynningar.

d) Frá Samb. ísl. sveitarfél. dags. 6. febrúar 2008.

Efni: XXII, landsþing Sambands ísl sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

e) Frá Valdimar Guðmannssyni dags. 11. febrúar 2008.

Efni: Sú stefna Ámundakinnar ehf, sem er að stórum hluta í eigu sveitarfélaganna, að bjóða ekki út byggingarframkvæmdir á vegum félagsins.

Hreppsnefnd samþykkir að ræða við fulltrúa Húnavatnshrepps í stjórn Ámundakinnar ehf, um efni bréfsins.

f) Frá Menningarráði Norðurl vestra dags. 15. febrúar 2008.

Efni: Fjárframlög 2008.

Lagt fram til kynningar.

g) Frá Umhverfisráðuneytinu dags. 21. febrúar 2008.

Efni: Kæra Leiðar ehf vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að hafna tillögu að matsáætlun fyrir veg við Svínavatn.

Hreppsnefnd vísar til fyrri samþykktanna sinna um málið.

h) Frá umhverfisnefnd Alþingis dags. 26. febrúar 2008.

Efni: Frumvörp til umsagnar.

Sveitarstjóra falið að fara yfir frumvörpin og gera athugasemdir í samræmi við umræður á fundinum.

7. Önnur mál

Sveitarstjóri kynnti áætlun um fráveituframkvæmdir í Húnavatnshreppi. Samþykkt var að hreppsnefnd yfirfæri áætlunina og tæki hana til afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.

Sveitarstjórn óskar eftir fundi með byggingarfulltrúa vegna breytinga á gjaldskrá.

Fulltrúar E- lista óska eftir stöðu gjaldfallina skulda Hveravallafélagsins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.15

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Sigprúður Friðriksdóttir

Birgir Ingbórsson

Árni Bragason

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Jens P Jensen

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
47. fundur.